Brattsholt / Þingholt.

„Brattsholt var byggt á landnámsöld og er kennt við Bratt. leysingja Atla Hásteinssonar í Traðarholti, er þá land af Atla og byggði þar fyrstur manna" Dr. G. J. Bólstaðir, bls. 36 Jörðin liggur í miðri sveit, þjóðvegur nærri túni með afleggjara heim, og eru 5 km til Stokksegrar. Bærinn stendur á háum móbergshrygg, með Brattsholtsvatn undir hádegissól, morgunfogurt og vinalegt umhverfi, en þröngt um, meðan „kotin" öll voru í byggð. Rektun liggur ekki á lausu, en orfslægja var gríð í Brattsholtsnesi. Þektastur ábúenda þar var Bergur Sturlaugsson, 1715-1764, sem Bergsætt er frá komin (foddur 1682). Árið 1940 seldi þáverandi eigandi og ábúandi Páll Jónsson jörðina hálfa Þorkeli Einarssyni, er ~~reisti~~ stofnaði þar nýbýli er hann nefndi Þingholt, reisti íbúðarhús, og var þar í tvö ár. Vindur og vatn afmáðu hásið, en með þessu var jörðin eyðilögð sem bújörð, því þetta er ekki ~~[illegible]~~ til skiftanna. Handinu var aldrei skift, en samt er eignarhaldið í tvennu lagi. Sá hlutinn sem Páll Jónson hélt eftir er nú í sameign fjögurra sveitunga okkar, og er notað til beitar, hinn hlutinn er í eigu erfingja Jónasar Magnússonar rafvirkjameistara í Reykjavík.

Íbúðarhús Páls heitins Jónssonar er að fara sömu leið og Þingholt.

Fyrir og um síðustu aldamót sátu þarna velmeigandi bændur.

Fasteignamat 1977: Brattsholt 160 þús., þingholt 160 þús.

Ábúendur: Fm. 1861: 16.28 hundr.

1864-1904 Þórður Pálsson og Guðrún Magnúsdóttir

1889-1903 Páll Þórðarson og Þuríður Gunnarsdóttir

1903-1916 Þuríður Gunnarsdóttir - ekkja Páls Þórðars.

1916-1919 Böðvar Tómasson og Ingibjörg Jónsdóttir

1919-1920 Sigurður Heiðdal og Jóhanna Heiðdal

1920-1922 Engin ábúð

1922-1923 Ingimundur Bernhardsson og Jónína Eyleifsdóttir

1923-1935 Situr engin jörðina

1935-1948 Páll Jónsson og Ásta Steinþórsd.-bústýra

1948-1950 Ásta Steinþórsd.-bústýra Páls Jónssonar

Síðan hefur engin setið þessa jörð.

7435
A-4